

**Nd.**

**310. Frumvarp til laga**

[161. mál]

um breyting á lögum nr. 68 11. maí 1966, um iðnfræðslu.

Flm.: Axel Jónsson.

**1. gr.**

7. og 8. tölul. 12. gr. laganna breytist og verði svo hljóðandi:

7. Reykjanesumdæmi: Gullbringusýsla, Hafnarfjarðarkaupstaður og Keflavíkurkaupstaður.
8. Reykjavíkumræddæmi: Reykjavíkurborg, Kjósarsýsla og Kópavogskaupstaður.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Í gildandi lögum um iðnfræðslu er svo kveðið á, að Reykjavíkurborg sé skólaumdæmi. Á sama hátt eru í lögnum ákvæði varðandi Reykjaneskjördæmi.

Varðandi þá breytingu, sem hér er lagt til að gerð verði á ákvæðum iðnfræðslulaga um tiltekin skólaumdæmi iðnskóla, vill flm. taka fram, að hann álitur, að eðlilegast sé, að ákveðið verði í lögum, að næstu nágrannasveitarfélög við Reykjavík tilheyri Reykjavíkumræddæmi.

Nokkur atriði verða hér nefnd til rökstuðnings þessari skoðun, en fleira kemur og til í því sambandi, sem rennir stoðum undir það, að rétt sé einmitt nú að gera umrædda lagabreytingu.

Varðandi iðnnema af Seltjarnarnesi og úr Mosfellssveit vill flm. taka fram m. a. þetta: Þeir hafa til þessa að langmestu leyti sótt sitt iðnnám til Reykjavíkur og vinna þar langflestir. Það er þeim og miklu hægara að sækja iðnnám til Reykjavíkur en t. d. til Hafnarfjarðar.

Það verður að teljast óeðlilegt, að þeir þurfi svo gott sem að fara fram hjá iðnskóla í Reykjavík til þess að sækja skóla, sem fjær liggur þeirra heimabyggðum.

Kópavogskaupstaður er á sama atvinnusvæði og Reykjavík. Langflestir iðnnemar úr Kópavogi sækja því iðnnám í iðnskólann í Reykjavík, og verður að telja, að sú skipan verði að öllu óbreyttu enn um langa hríð.

Vera má, að iðnnemum úr fyrirtöldum byggðarlögum verði ekki bannað að sækja iðnnám til Reykjavíkur hér eftir þrátt fyrir gildandi lagaákvæði um skólaumdæmi Reykjavíkur. Hafa ber þó í huga varðandi framtíðarskipan þessara mála, að byggja þarf nýtt iðnskólahús í Hafnarfirði, og eðlilegt er, að stærð þess ákvarðist af gildandi lagaákvæðum um stærð skólaumdæmisins. Áður umgetin sveitarfélög verða því að óbreyttum lögum að standa straum af byggingarkostnaði þess, þó að iðnnemar úr byggðarlögnum sækja að mestu leyti iðnnám til Reykjavíkur eftir sem áður.

Með tilvísun til allra aðstæðna og þá ekki sízt með skírskotun til atvinnuskiptingarinnar á umræddu svæði er eðlilegast, að ráð sé fyrir því gert, að iðnnemar úr tilgreindum nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur sækja að mestu leyti sitt iðnnám þangað. Þar sem fyrir liggur, að byggja þarf nú þegar nýtt iðnskólahús í Hafnarfirði, er nauðsynlegt að gera umrædda lagabreytingu nú, svo að hægt verði að haga uppbyggingu skólans eftir því.

Sveitarstjórnir þeirra nágrannasveitarfélaga, sem hlut eiga hér að máli, leggja ríka áherzlu á, að fyrrgreind lagabreyting nái fram að ganga.